

11.fundur hreppsnefndar Árneshrepps haldinn á skrifstofu hreppsins föstudaginn 1.desember 2017 kl. 14:00

Mætt eru Guðlaugur Ágústsson Steinstúni, Bjarnheiður Fossdal Melum 1, Hrefna Þorvaldsdóttir Árnesei 2. Ingólfur Benediktsson Árnesei 2 og Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík. Elín Agla Briem ritar fundargerð.

Dagskrá fundarins.

1. Fjárhagsáætlun 2018-2021, fyrri umræða.
2. Kjörnefnd vegna Alþingiskosninga.
3. Bréf frá byggingarfulltrúa, lagt fram til kynningar.
4. Stígamót, beiðni um styrk.
5. Erindi frá Elínu Öglu Briem.
6. Bréf frá Jöfnunarsjóði varðandi skólaakstur.
7. Bréf frá Sigurði Gísla Pálmasyni.

1. Fjárhagsáætlun fyrir árin 2018 til 2021, fyrri umræða.

Ákveðið var að tala við jarðfræðing og halda opnum öllum möguleikum varðandi vatnsból í Norðurfirði. Áætlað er á fjárlögum 1,5mkr til verkefnisins. Reiknað er með að klára innkaup á innréttingum fyrir eldhús í Kaupfélagshúsi á þessu ári. Reiknað er með kr 1mkr í kaupum á innréttingum árið 2017 og 1mkr í vinnukostnað árið 2018. Áætlaðar eru kr 800þ v/ vetrarþjónustu við snjómokstur. Ákveðið er að endurskoða tryggingarmál sveitarfélagsins. Ákveðið er að leggja 1mkr í viðgerðir vegna bruna á bryggjunni. Fjármagn kr 1,5mkr vegna viðgerða á gluggum í skólaíbúðinni er fært yfir á næsta ár. Ennfremur kr 500þ til snyrtingar á umhverfi skólans. Útsvarsprósenta verður áfram 14,52%. Sorphirðugjöld tekur vísitöluhækkun og fasteignagjöld munu lúta nýjum lögum um fasteignagjöld. Ákveðið var að leggja á stöðuleyfisgjöld lausra húsa fyrir árið 2018 kr 15000 per hús. Ákveðið var að hækka gjaldskrá Norðurfjarðarhafnar og verður tekið ákvörðun um það á næsta fundi. Þar með er lokið fyrri umræðu um fjárhagsáætlun fyrir árin 2018-2021.

2. Kjörnefnd vegna Alþingiskosninga.

Bréf frá Dómsmálaráðuneytinu varðandi kostnað við Alþingiskosningar 2017 lagt fram til kynningar.

3. Bréf frá byggingarfulltrúa, lagt fram til kynningar. Oddviti mun hafa samband við byggingarfulltrúa og byggingarnefnd varðandi byggingar sem risið hafa í sveitarfélaginu án vitneskju byggingarfulltrúa eða sveitarstjórnar.
4. Stígamót, beiðni um styrk. Í ljósi umræðunnar í þjóðfélaginu um kynbundið ofbeldi ákvað sveitarstjórn að styrkja Stígamót um kr 50þ.
5. Erindi frá Elínu Öglu Briem. Hreppsnefnd er jákvæð gagnvart hugmynd um að reka Finnbogastaðaskóla á vormánuðum 2018. Oddviti mun ræða við starfsfólk skólans.
6. Bréf frá Jöfnunarsjóði varðandi skólaakstur. Lagt fram til kynningar.
7. Bréf frá Sigurði Gísla Pálmasyni. Bréfið var tekið til umfjöllunar og ákveðið að bíða með frekari umfjöllun þar til hreppsnefnd hefur fundað með honum á næstu dögum.
8. Tekið var fyrir bréf frá Bergsveini Birgissyni og ákveðið að oddviti myndi senda honum upplýsingar um gagntilboð frá hreppnum sem gert var vegna annars tilboðs sem kom í jörðina Kamb í haust.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 16.20